


Að bera kennsl á einhverfu snemma

Sigríður Lóa Jónsdóttir
sálfræðingur, sérfræðingur á sviði fötlunar

XXVIII Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
16. og 17. maí 2013



ESSEA

(Enhancing the Scientific Study of Early Autism)

COST Action BM1004

Evrópskt samstarfsverkefni

*Að greiða fyrir rannsóknum á
ungum börnum með einhverfu*



- Markmið:
 - Að koma á fót þverfaglegu vísindasamstarfi til þess að hraða þróun þekkingar á fyrstu einkennum einhverfu
 - Að leiða saman og tækni taugavísinda sem beinist að rannsóknum á vitsmunastarfi og aðferðir klínískra vísinda
 - Að samræma störf hinna ýmsu hópa í Evrópu sem fást við rannsóknir á yngri systkinum barna með einhverfu, skimun og snemmtækri íhlutun
 - Að ýta undir góða starfshætti við skimun, snemmgreiningu og snemmtæka íhlutun



Að bera kennsl á einhverfu snemma

- Mikilvægi þess að bera kennsl á einhverfu snemma í lífi barns er óumdeilt
- Þar vega áhrif íhlutunar þyngst



Dawson, G., Jones, E.J., Merkle, K., Venema, K., Lowy, R., Faja S. o.fl. (2012). Early behavioral intervention is associated with normalized brain activity in young children with autism. *Journal of the American Academy of Child And adolescence Psychiatry*, 51, 1150-1159.

Dawson, G. (2008). Early behavioral intervention, brain placticity, and the prevention of autism spectrum disorder. *Development and Psychopathology*, 20, 775-803.



Að bera kennsl á einhverfu

Ferlið hefst yfirleitt á því að áhyggjur vakna

- Algengast er að fyrstu áhyggjur af þroska barns með röskun á einhverfurófi vakni hjá foreldrum
- Flestir foreldrar þessara barna eru komnir með áhyggjur af þroska þeirra fyrir 2 ára aldur



Fyrstu áhyggjur

- Áhyggjur foreldra af þroska barna sinna eiga lang oftast við rök að styðjast
- Foreldrar gera sér þó oftast ekki grein fyrir eðli vandans
- Eftir á að hyggja telja flestir foreldrar að einkenni einhverfu hafi verið komin fram fyrir 2 til 3 ára aldur



Hvað vitum við um fyrstu einkenni?

- Einkenni geta verið til staðar í einhvern tíma áður en áhyggjur vakna
- Tvær rannsóknarhefðir:
 - Afturvirkar rannsóknir
 - Videoupptökur af ungum börnum sem síðar greindust með einhverfu
 - Framvirkar rannsóknir
 - Rannsóknir á börnum í áhættuhópi/yngrri systkini barna með einhverfu



Fyrstu einkenni

Afturvirkar rannsóknir


- Fyrir 1 árs afmælið – frávik til staðar hjá stórum hluta þátttakenda
 - Svara ekki eða dauflega nafni
 - Horfa síður í andlit annarra
 - Takmarkaðar bendingar
 - Fábreytt látbragð



Fyrstu einkenni

Framvirkar rannsóknir - margar rannsóknaraðferðir

Spurningalistar, bein athugun, eye tracking,
MRI, event evoked potential



Fyrstu einkenni

Framvirkar rannsóknir

- Sjaldgæft að einkenni einhverfu séu komin fram fyrir 6 mánaða aldur
- Frávik í hreyfiproska hjá rúmlega þriðjung barna við 6 mán. aldur sem síðar greinast með einhverfu
- Sum börn einkennalaus fyrstu 9 mánuðina eða jafnvel lengur



- 4 mánaða gamall drengur sem síðar greindist með einhverfu
- <http://www.youtube.com/watch?v=T5nQtiyRmhc>



Fyrstu einkenni

Framvirkar rannsóknir

Frávik í samskiptum eru oft komin fram á síðari hluta fyrsta aldursárs

- Slök augntengsl
- Svara ekki brosi
- Takmörkuð gagnkvæm samskipti
- Erfiðleikar með að færa athygli frá einu til annars í nýjum aðstæðum

Einnig seinkun á babli og frávik málskilningi og hreyfiproska



- 12 mánaða – greinileg frávik í hegðun sem benda sterklega til einhverfu
- <http://www.youtube.com/watch?v=SJA0lo81bng&feature=relmfu>



- 11 og 12 mánaða – dæmi um góða samskiptafærni
- <http://www.youtube.com/watch?v=to7uIG8KYhg>
- <http://www.youtube.com/watch?v=PfSOYjkFQog>




Fyrstu einkenni

Framvirkar rannsóknir

- Óstöðugleiki einkenna hjá ungum börnum
- Forspárgildi einkenna – enn margt óljóst, þó:
- Frávik í hreyfifroska við 6 mán.
- Geta barns á 6 til 10 mánaða aldri til að fylgja eftir hvert augnaráð annarra beinist tengdist einhverfugreiningu við 36 mánaða aldur



Breytileiki í birtingu einkenna einhverfu á fyrstu aldursárunum



Frá fyrstu áhyggjum til greiningar

- Staðreyndir:
 - Fyrstu einkenni koma fram snemma
 - Áhyggjur vakna tiltölulega snemma hjá foreldrum
 - Talsverður tími líður oft þar til einhverfurófsröskun er greind
 - Stórt hlutfall barna með einhverfu fær ekki greiningu fyrr en á grunnskólaaldri



Ung- og smábarnavernd

Tækifæri til að finna vísbendingar um einhverfu

- Almenn þroskaskimun í tengslum við reglubundnar komur í ungbarnaeftirlit
- Árið 2004, sett inn þrjú atriði í þroskamatið sem áttu að finna vísbendingar um einhverfu
- Við breytingu á Handbók um ung- og smábarnavernd 2009/2010:
 - Sérstakur kafli um einhverfu
 - „Rauð flögg“ vegna einhverfu við 12 og 18 mán. skoðun



Viðvörðunarkerki

Rauð flögg



- Einkenni hjá ungum börnum sem geta gefið vísbendingu um einhverfu og ættu að leiða til tafarlausrar athugunar:
 - 12 mánaða: Ekkert babl, bendingar eða annað látbragð
 - 16 mánaða: Engin stök orð
 - 24 mánaða: Engar tveggja orða tengingar
 - Tap málfærni eða félagsfærni á hvaða aldri sem er

Hvað er hægt að gera til að finna einhverfu fyrr?

- Tryggja að þekking sé til staðar hjá þeim sem tengjast ungum börnum í starfi um:
 - Einkenni einhverfu, breytilega birtingarmynd einkenna og þróun þeirra
- Hlusta á áhyggjur foreldra af þroska barna sinna og taka þeim alvarlega
- Bregðast strax við einkennum sem geta gefið vísbendingar um einhverfu
- Skimun fyrir einhverfu



www. autismspeaks.org

First signs video glossary

- <http://autismspeaks.player.abacast.com/asdvideoglossary-0.1/player/autismspeaks;jsessionid=549ACD658C7AFD97BF345219DE4128B9>



Hvað er hægt að gera til að finna einhverfu fyrr?

- Aukin áhersla á kerfisbundna skimun fyrir einhverfu víða um heim til viðbótar við almenna þroskaskimun
- Verið er að undirbúa rannsóknarverkefni hér á landi um fýsileika þess að skima fyrir einhverfu



